

40. sveitarstjórnarfundur (aukafundur) Fljótsdalshrepps, haldin í fjarfundarbúnaði 02.04 2020, kl. 16:30

Mætt: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann F. Þórhallsson og Lárus Heiðarsson. Gestir fundarins voru Arna Björg Bjarnadóttir, Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnisstjóri, Þórhallur Jóhannsson, Signý Ormarsdóttir úr samfélagsnefnd og Páll Líndal frá fyrirtækinu TGJ sem sá um könnunina, kynnti niðurstöður um heppilega staðsetningu íbúabyggðar í sveitarfélaginu.

Dagskrá

- 1) Fundur settur
 - 2) Kynning á vinnu og niðurstöðu TGJ varðandi byggðakjarna í Fljótsdal. – Páll J. Líndal
 - 3) Næstu skref
-
- 1) Oddviti setti fund og bauð gesti fundarins velkomna til fundar. Að því loknu gaf hann Páli J. Líndal orðið.
 - 2) Páll kynnti drög að niðurstöðu TGJ varðandi byggðakjarna í Fljótsdal. Hann fór yfir forsendur aðferðafræðinnar sem liggur að baki staðarvalinu, en þær eru sálfélagslegar og efnislegar. Valdir voru 9 staðir sem koma til greina og af þeim voru síðan valdir 3 sem skoruðu hæðst í valinu. Þeir verða teknir til nánari skoðunar. Einnig skoðuðu TGJ ákjósanlega staðsetningu fyrir þjónustu- og iðnaðarsvæði. Samkvæmt aðalskipulagi er þjónustusvæði staðsett við Bessastaði-Eyjarland og iðnaðarsvæði á Hvammseyri. Páll taldi það ekki slæma kosti.
- Eftir að Páll hafði kynnt drögin varðandi staðarval á byggðakjarna í Fljótsdal var öllum fundarmönnum gefin kostur á að tjá sig um drögin og spyrja Pál um þau. Þó nokkrar ábendingar og spurningar komu til Páls um staðarvalsdrögin. Eftir nokkrar umræður benti Páll á að hugmyndir þeirra félaga um íbúabyggð séu teknar út frá þeirri aðferðafræði sem að þeir nota. Aðrar hugmyndir og aðrar útfærslur á þeirra hugmyndum eru því vel þegnar. Skýrsla um úttektina er ekki tilbúin en verður fullfrágengin fyrir páska.
- 3) Framhald málsins verður þannig að samfélagsnefnd mun funda um málið við fyrsta tækifæri og að því loknu mun sveitarstjórn fjalla um það. Trúlega dregst það fram yfir páska. Einnig þarf að kanna hug landeigenda þeirra 3 jarða sem skoruðu hæst, um áhuga þeirra á uppbyggingu íbúðabyggðar á sínum jörðum. Eftir það mun TGJ taka þau 3 svæði sem skoruðu hæðst í valinu til nánari skoðunar. Að því búnu þakkaði oddviti fundarmönnum fyrir fundinn.

Fundi slitið klukkan 18:30

Lárus ritaði fundargerð í tölvu